

20 Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn ein-  
23. febr. stakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð  
þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefir maður drýgt brot í fleirum en ein-  
um hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur  
hagnaður í sýslusjóð.

76. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari  
eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið fram-  
kvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem  
lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir  
sveitarsjóður þess hrepps, þar er ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn  
seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

77. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstök-  
um mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað.  
Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild greiðist  
hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8.  
maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar  
í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. febrúar 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

21  
28. febr.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 27 20. apríl 1938, um fasteignaskatt  
í Siglufjarðarkaupstað.

Á eftir 2. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:  
Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði greiði í fasteignaskatt 0,7% af öllum  
fasteignum sínum.

Greinatalan breytist í samræmi við þetta.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937  
til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut  
eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*